

Nd.

145. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra út af gjaldeyri bankanna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Hve miklu fé í erlendum gjaldeyri hafa bankarnir — Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f — tekið á móti fyrir afurðir útfluttar á árinu 1937?

Hve miklu námu erlendar kröfur út af vörukaupum til landsins, er lágu kræfar og ógreiddar í þessum bönkum 1. janúar 1938? Ennfremur, hve mikil er sú fjárupp-hæð, sem er eign erlendra skuldhafa og liggur í íslenskum krónum á lokuðum reikningum hjá bönkunum samkvæmt samningum bankanna við þessa skuldhafa?